

4. fundur umhverfisnefndar haldinn 1. október 2014 kl. 17.00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Sunnumörk 2.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Berglind Hofland Sigurðardóttir, Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir og Guðjón Óskar Kristjánsson. Ari Eggertsson umhverfisfulltrúi sat fundinn og skráði fundargerð.

Unnur Þormóðsdóttir formaður nefndar stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð, ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundar .

DAGSKRÁ.

1. Sumarið 2014.
Rætt um framkvæmdir sumarsins sem var að líða meðal annars rætt um blómasýninguna Blóm í bæ, útplantanir, og fleira. Umhverfisnefnd lýsir yfir ánægju sinni með sýninguna Blóm í bæ og vonast til að hún verði að ári.
2. Verkefnin framundan.
Umhverfisfulltrúi fór yfir verkþætti sem þarf að fara í á næsta ári og mun hann leggja fram verk- og kostnaðaráætlun til bæjarstjórnar fyrir fjárhagsáætlunargerð Hveragerðisbæjar.
3. Auglýsingaskilti.
Nefndin fór yfir drög að samþykkt um gerð og staðsetningu skilta og umferðarmerkja í Hveragerði og leggur til við bæjarstjórn að farið verði í endurskoðun á þessum drögum og varanleg lausn fundin.

Fundargerð er samþykkt samhljóða og fundi slitið 18:10.

Unnur Þormóðsdóttir

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Guðjón Óskar Kristjánsson

Berglind Hofland Sigurðardóttir

Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir

Ari Eggertsson